

Pósttrygging

Pósturinn býður upp á pósttryggingu í samvinnu við Sjóvá-Almennar. Ef verið er að senda verðmætar sendingar geta einstaklingar og fyrirtæki tryggt þær sérstaklega. Iðgjald fer eftir verðmæti sendingarinnar.

Iðgjald pósttryggingar

Iðgjald pósttryggingar fer eftir verðmæti sendingarinnar. Hægt er að tryggja sendingu fyrir allt að 3.000.000 kr. Ef verðmæti sendingar er meira, er hægt að hafa samband við Sjóvá-Almennar. Verð: sjá www.postur.is

Sendingar sem hægt er að tryggja

Það er hægt að fá pósttryggingu með sendingum sem skráðar eru í tölvukerfi Póstsins. Þær sendingar eru:

- Rekjanleg bréf innanlands
- Rekjanleg bréf til útlanda
- Pakkar innanlands, nema CP pakkar
- Pakkar til útlanda

Pósttryggingin nær ekki utan um vélknúin ökutæki né málverk. Sendandi þarf að láta meta málverkið og tryggja það sérstaklega fyrirfram hjá því tryggingafélagi sem viðkomandi óskar eftir.

Mögulegt er að tryggja innlendar pakkasendingar með burðargjaldskröfu.

Flutningsskilmálar

Um pósttryggingu gilda skilmálar Sjóvá Almennra. Vátryggt er samkvæmt skilmálum A fyrir flutningstryggingar sem eru víðtækustu flutningsskilmálar á markaðnum. Þar kemur meðal annars fram að Sjóvá tryggir ekki eftirfarandi: Flutning á bifreiðum, búslóð, málverk, glersendingar og matvæli. Nánari upplýsingar á sjova.is

Eyðublað

Það á að fylla út eyðublað fyrir Pósttryggingu þegar póstlagt á pósthúsi. Upplýsingar um flutningsskilmála eru á bakhlið þess.



Ekki er hægt að tryggja sendingar sem ekki er heimilt að senda skv. skilmálum.

Farmtrygging

Pósturinn býður í samvinnu við Sjóvá viðskiptavinum sem eru í vörudreifingu að tryggja vörusendingar sem Pósturinn annast flutning á.

Farmtrygging virkar þannig að hver skráð pakkasending er með fasta tryggingu að verðmæti allt að 10.000.000. Hver skráð sending er með fast farmtryggingargjald. Þegar sendingar eru skráðar sem burðargjaldskröfur þá leggst upphæðin ofan á kröfuna, þ.e. greiðandi greiðir trygginguna.

Til að mögulegt sé að nýta sér fasta Farmtryggingu þarf að hafa samband við Fyrirtækjasölu Póstsins í síma 580-1090 eða senda þeim tölvupóst á sala@postur.is